

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 73/2022

2022/EES/45/28

frá 18. mars 2022

um breytingu á V. viðauka (Frjáls för launþega) og VIII. viðauka (Staðfesturéttur)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/206 frá 15. febrúar 2022 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Benín og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/207 frá 15. febrúar 2022 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í Hasémíska konungsríkinu Jórdaníu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins ⁽²⁾.
- 3) V. og VIII. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 10ze (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2300) í V. viðauka við EES-samninginn:

„10zf. **32022 D 0206:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/206 frá 15. febrúar 2022 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Benín og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtíð. ESB L 34, 16.2.2022, bls. 46).

10zg. **32022 D 0207:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/207 frá 15. febrúar 2022 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í Hasémíska konungsríkinu Jórdaníu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtíð. ESB L 34, 16.2.2022, bls. 49).“

2. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 11ze (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2300) í VIII. viðauka við EES-samninginn:

„11zf. **32022 D 0206:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/206 frá 15. febrúar 2022 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Benín og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtíð. ESB L 34, 16.2.2022, bls. 46).

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 34, 16.2.2022, bls. 46.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 34, 16.2.2022, bls. 49.

11zg. **32022 D 0207**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/207 frá 15. febrúar 2022 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í Hasémíska konungsríkinu Jórdaníu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til fjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 34, 16.2.2022, bls. 49).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvarðana (ESB) 2022/206 og (ESB) 2022/207, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 19. mars 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 18. mars 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.